

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Sæbólsbraut 34A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 28. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi Sæbólsbrautar 55-61 og 34-34A fyrir lóðina nr. 34A við Sæbólsbraut. Í breytingunni felst að gerð verði 16 m² viðbygging í stað yfirbyggðra svala á austurhlið hússins, 17 m² útigeymsla á vesturhlið undir núverandi stiga ásamt breytingum á innra skipulagi hússins, bílgeymsla stækkar um 6 m² og 40 m² geymslu verður komið fyrir í stað núverandi skriðkjallara. Byggingarmagn á lóðinni eykst um 79 m², úr 311 m² í 390 m² og nýtingarhlutfall eykst úr 0,4 í 0,5. Þá eru jafnframt gerðar breytingar á staðsetningu bílastæða og aðkomu á lóð ásamt því að kvaðir á lóð eru uppfærðar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendablettur 5, Lindarhvammur. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 28. mars 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi, svæðið milli vatns og vegar, fyrir lóðina Lindarhvamm, Vatnsendablett nr. 5. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt í tvær lóðir, Vatnsendablett 5 og 5A og að heimilt verður að reisa einnar hæðar einbýlishús að hámarki 300 m² á nýrri lóð. Við breytinguna fer stærð lóðarinnar Vatnsendabletts 5 úr 15.213 m² í 13.404 m², byggingarmagn helst óbreytt, en nýtingarhlutfall eykst úr 0,02 í 0,03. Stærð lóðarinnar Vatnsendablettur 5A verður 1.809 m², hámark byggingarmagns verður 300 m² og nýtingarhlutfall 0,17. Stærð byggingarreits verður 13 x 27 m og leyfileg hámarkshæð byggingar 6,5 m. Sameiginleg aðkoma verður að lóðunum eftir núverandi heimkeyrslu. Þá er lega reið- og göngustíga uppfærð í samræmi við gildandi mæliblöð og núverandi stöðu á svæðinu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. maí 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2023